

Mál nr. 27/2010

Ár 2010, mánudaginn 7. júní, var haldinn fundur í siðanefnd HRFÍ að Síðumúla 15, Reykjavík.

Fyrir var tekið mál nr. 27/2010:

X

gegn

Y

og kveðinn upp svohljóðandi úrskurður

I: Málsmeðferð siðanefndar.

Þann 17. maí 2010 barst siðanefnd erindi kæranda þar sem hann kvartar undan því að kærði hafi klagt sig fyrir stjórn HRFÍ og honum gefinn kostur á andmælum. Var málið tekið fyrir þá þegar á þeim fundi og aftur á fundi nefndarinnar 7. júní þar sem málið var tekið til úrlausnar án frekari meðferðar.

II: Helstu málsatvik og ágreiningsefni

Kærandi telur að sér vegið og er mjög ósáttur við að maður sem gegnir trúnaðarstörfum fyrir félagið og er fuglahundadómari skuli fara með klögumál á hendur honum til stjórnar HRFÍ þar sem hann er sagður hafa veitst að kærða með fúkyrðum og yfirlýsingum um vanhæfni og vanþekkingu vegna dóma á hundum í eigu kæranda. Einnig urðu nokkur samskipti milli aðila með tölvupósti þar sem fram komu ásakanir á báða bóga. Kærandi kærir fyrir vísitandi lygar og alvarlegar ásakanir.

III: Forsendur

Hlutverk siðanefndar er tilgreint í 26. gr. laga félagsins sem er svohljóðandi:

Siðanefnd er ætlað að gæta þess að félagsmenn HRFÍ hafi í heiðri lög um dýravernd, lög HRFÍ og þær grundvallarreglur sem HRFÍ hefur sett sér varðandi meðferð hunda, hundarækt og sölu hunda og úrskurða í málum þeirra aðila sem taldir eru hafa brotið gegn reglum og markmiðum félagsins eða unnið gegn því á einhvern hátt innan félagsins eða utan.

Það er mat siðanefndar að það heyri ekki undir hennar verksvið að úrskurða í ágreiningsefnum er lúta að vísitandi lygum og ásökunum milli félgsmanna.

IV: Niðurstaða

Kærunni er vísað frá nefndinni.

f.h.siðanefndar